

FRISBÍGOLFVÖLLUR LAUGARDAL



Frisbigolf leikreglur

Fólf er spilað líkt og hefðbundið golf nema með frisbídiskum. Köstin eru talin sem tekur að koma disknum í rétta körfu og takmarkið að kasta allar brautir í sem fæstum tilraunum. Eftir fyrsta kast er það næsta tekið þar sem diskurinn liggur og þarf sá fótur sem er nær körfu að vera þar sem diskurinn lá. Skipta má um diska á milli kasta. Sá spilarí sem lengst er frá körfu tekur fyrsta kast.

Tillitsemi er stór hluti af leiknum. Sanngjarnt er að mótspilari þinn fái að kasta án truflunar, það sama myndir þú vilja. Ekki taka kast fyrr en þú er viss um að

flug disksins og landing truflí ekki hina spilarana eða fólk sem er á svæðinu hvort sem það er gangandi, hjólandi eða í öðrum erindum.

Ariðandi: Ef diskur lendir í runna eða trjágróðri þá má ekki fara að disknum til að kasta, aðeins má teygja sig eftir disknum þó án þess að skemma gróður. Færa þarf diskinn 1 metra út úr gróðrinum en þó aldrei nær körfu. Spilari fær ekki viti.

Góða skemmtun.

Göngum vel um, skiljum ekki eftir rusl og sýnum tillitsemi.



Skannaðu inn QR merkið til að fara á vef okkar www.folf.is til að fá nánari upplýsingar um frisbigolf s.s. vallarkort, skorkort og aðra velli.

